

Fundargerð 203. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Fundur haldinn fimmtudaginn 11.júní 2020 kl. 14:00.

Viðstaddir: Halldór Eiríksson formaður, Pétur Óskarsson, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir og Dagný Arnarsdóttir.

Frá FMS: Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir og Snorri Valsson.

Dagskrá:

1. Fundargerðir 195, 196, 197, 198, 199, 200, 201 og 202.
Fundargerðir samþykktar og undirritaðar.
2. Stjórn fór yfir og samþykkti tillögur að breyttu umsóknareyðublaði og stigagjöf gæðamats í ljósi þeirrar lagabreytingar sem orðið hefur á 1.gr. laga um FF nr.75/2011. Sjá meðfylgjandi skjal að nýju gæðamatsblaði.
3. Starfsmenn Ferðamálastofu fóru yfir PP- kynning á ferð stjórnar sem farin var 18. - 19. maí um Norðurland vestra.

Næsti fundur:

20. ágúst 2020

Fundi slitið kl. 15:00

Fundargerð ritaði: Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir

Undirskriftir stjórnarmanna

Stigagjöf gæðamats:

Málsnúmer XX	
Matsblað stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða við yfirferð styrkumsókna	
Er verkefnið styrkhæft, skv. lögum nr. 75/2011 ?	
a) Uppbygging, viðhald og verndun mannvirkja og náttúru á ferðamannastöðum/ferðamannaleiðum sem eru í eigu eða umsjón sveitarfélaga eða einkaaðila.	
b) Framkvæmdir sem varða öryggi ferðamanna og verndun náttúru á ferðamannastöðum/ferðamannaleiðum í eigu eða umsjón sveitarfélaga jafnt sem einkaaðila.	
c) Náðfyrirgeng undirbúnings- og hönnunarvinna vegna verkefna sem eru styrkhæf skv. lögum a) eða b). Fyrirhuguðu verkefni skal í umsókn lýst svo skilmerkilega að mögulegt sé að meta styrkhæfi þess.	
Fylgja umsókn nægjanleg og viðeigandi gögn, skv. 8. gr. reglugerðar nr. 782/2017 ? <small>s.s. kostnaðarsættun, deifiskipulag, framkv. leyfi, samþ. landeigenda og skipulagsyfirvalda, o.s.frv.</small>	
	já
	nei
Gögn sem vantar/er ábótavant:	

Flokkun umsóknar: umsækjandi þarf að velja annað hvort I eða II eftir eðlli verkefnisins
Gæðaviðmið skv. 9. gr. reglugerðar nr. 782/2017: 0 - 80 stig.

I - (Ný) þjónusta/aðstaða á ferðamannastað/ferðamannaleið: Um er að ræða: 1) verkefni á stað, sem ekki er nú þegar skilgreindur sem ferðamannastaður en viðkomandi hefur áhuga að gera hann að slíkum - ný uppbygging, 2) nýja þjónustu eða aðstöðu á þegar skilgreindum ferðamannastað. Framkvæmdin mun auka afköst staðarins/svæðisins og/eða tengist öryggi eða náttúruvernd.	
Forgangur vegna náttúruverndar: Verkefni hefur engin áhrif á náttúru = 0 stig. Verkefni kemur í veg fyrir afturkræfar skemmdir á náttúru, verkefni kemur í veg fyrir stórfelldar og óafturkræfar skemmdir á náttúrunni, allt að 20 stig.	20
Forgangur vegna öryggis ferðamanna: Verkefni hefur engin áhrif á öryggi = 0 stig. Verkefnið er til þess fallið að koma í veg fyrir léttvæg, alvarleg og mjög alvarleg slys, allt að 20 stig.	20
Forgangur vegna áfangastaðsáætlana (DMP): Er verkefnið tilgreint í áfangastaðsáætlun svæðisins og hvernig fellur verkefnið að áherslum FF, allt að 10 stig.	10
Uppbygging: Nýnaemi verkefnisins, verkefnið bætir ferðamennsku á veikri árstíð/veiku svæði, bætir úr skorti á grunnþjónustu, bætir aðgengi fyrir alla, eykur afköst, unnið í samræmi við aðrar skipulagsáætlanir, heildræna stefnumótun og/eða er með langtíamarkmið að leiðarljósi, hönnunin ber staðarvitund, íslenski sögu, sjálfbærni, menningu og náttúru gott vitni, opnunartími eða aðgengi að ferðamannastaðnum sjálfum, allt að 30 stig.	30
Heildareinkunn: Getur verið frá 0 - 80 stig.	80

II - Úrbætur vegna náttúruverndar og/eða öryggis á ferðamannastað/ferðamannaleið: Um er að ræða 1) verkefni þar sem verið er að bæta eða lagfæra núverandi aðstöðu á ferðamannastað sem tengist öryggi eða náttúruvernd, 2) bætt afköst við móttöku ferðamanna en þjónustustig er ekki útvíkkað. <u>Ef um skipulags- og/eða byggingarleyfisskylda framkvæmd er að ræða, þá þarf að velja I - (Ný) þjónusta/aðstaða á ferðamannastað/ferðamannaleið.</u>	
Forgangur vegna náttúruverndar: Verkefni hefur engin áhrif á náttúru = 0 stig. Verkefni kemur í veg fyrir afturkræfar skemmdir á náttúru, verkefni kemur í veg fyrir stórfelldar og óafturkræfar skemmdir á náttúrunni, allt að 20 stig.	20
Forgangur vegna öryggis ferðamanna: Verkefni hefur engin áhrif á öryggi = 0 stig. Verkefnið er til þess fallið að koma í veg fyrir léttvæg, alvarleg og mjög alvarleg slys, allt að 20 stig.	20
Forgangur vegna áfangastaðsáætlana (DMP): Er verkefnið tilgreint í áfangastaðsáætlun svæðisins og hvernig fellur verkefnið að áherslum FF, allt að 10 stig.	10
Afmörkuð uppbygging: Verkefnið bætir ferðamennsku á veikri árstíð/veiku svæði, bætir grunnþjónustu, aðgengi fyrir alla, um er að ræða varanlegar lausnir, fjöldi ferðamanna sem heimsækja staðinn, efnissval ber staðarvitund, íslenski sögu, sjálfbærni, menningu og náttúru gott vitni, opnunartími eða aðgengi að ferðamannastaðnum sjálfum, verkefnið kemur í veg fyrir/bætir út tjóni sem getur dragið úr virkni og/eða aðdráttarafi hans, allt að 30 stig.	30
Heildareinkunn: Getur verið frá 0 - 80 stig.	80

Heiti verkefnisins og stutt lýsing:

Áætlaður heildarkostnaður:

Umbeðin styrkuppphæð:

Umsögn stjórnar: